



Borgarráð

Viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2016

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2016 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar

Einstaklingur með tekjur allt að 2.850.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 3.970.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 2.850.000 til 3.260.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 3.970.000 til 4.420.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 3.260.000 til 3.800.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 4.420.000 til 5.280.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Hækkun bóta almannatrygginga í upphafi árs voru 3,6% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Er hér unnið eftir sömu viðmiðum og undanfarin ár. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2016 nemur 335 milljónum króna og rúmast hann innan fjárheimilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016.

Dagur B. Eggertsson